

# STJÓRNARTÍÐINDI B 56 – 1992

---

9. október 1992

733

Nr. 365

## REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Langanesgrunni.

1. gr.

Frá og með 10. október 1992 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66°35'50N – 13°52'49V
2. 66°40'84N – 13°48'20V
3. 66°37'72N – 13°37'58V
4. 66°31'89N – 13°42'41V
5. 66°29'29N – 13°39'41V
6. 66°38'28N – 13°10'60V
7. 66°48'28N – 13°28'79V
8. 66°48'29N – 13°47'64V
9. 66°55'07N – 14°01'34V
10. 66°40'00N – 14°15'00V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 9. október 1992.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Gylfi Gautur Pétursson.*